

Starfsemi Verðlagsnefndar búvöru 2008

Verðlagsnefnd búvöru hélt 11 bókaða fundi á árinu 2008. Milli funda nefndarinnar voru nokkrir vinnufundir þar sem úrvinnsla ýmissa gagna fór fram í undirbúningi verðlagningar. Verðlagsnefnd safnar saman og vinnur úr gögnum, m.a. frá Hagstofu Íslands, sem snúa að rekstri afurðastöðva og mjólkurframleiðenda. Verðlagning mjólkurvara á heildsölustigi byggir á tveim grunnþáttum.

- a) Greiðslu afurðaverðs til *mjólkurframleiðenda (lágmarksverð mjólkur)*.
- b) Rekstri afurðastöðva þ.e. vinnslu mjólkur, sölu og dreifingu mjólkurvara (*vinnslu- og dreifingarkostnaður*).

Mældar breytingar gjaldaliða verðlagsgrundvallar kúabús auk kostnaðabreytinga á vinnslu- og dreifingu eru helstu viðfangsefni nefndarinnar hverju sinni. Auk mælinga fyrrgreindra þátta er einnig stuðst við samantekið uppgjör rekstrar og efnahags fyrir mjólkuriðnaðinn, sem unnin er af endurskoðanda frá DELOITTE.

Aðstæður í efnahagslífi landsins á árinu 2008 voru mjög frábrugðnar forsendum undangenginna ára. Óþarft er að fara mörgum orðum um hrun efnahags- og bankakerfis í íslensku samfélagi, en óhjákvæmilega mörkuðu þær aðstæður allar forsendur og störf verðlagsnefndar á árinu. Mikilla áhrifa gætti í ýmsum gengisháðum aðfangakostnaði í búrekstri og rekstri afurðastöðva.

Verðlagsnefnd búvöru tók ákvarðanir um 3 verðbreytingar sem tóku gildi á árinu 2008. Verðbreytingar urðu á eftirfarandi tímapunktum:

- 1) 1. janúar 2008
- 2) 1. apríl 2008
- 3) 1. nóvember 2008

Heildsöluverðlagning 1. janúar 2008

Við heildsöluverðlagningu 1. janúar 2008 hækkaði lágmarksverð mjólkur til framleiðenda um 0,70 kr/ltr, eða um 1,42% frá lágmarksverði pr. 1. nóvember 2007.

Hækkun vinnslu- og dreifingarkostnaðar, 1. janúar 2008, var um 5,0%. Vegin hækkun heildsöluverðs við áðurnefnda hækkun lágmarksverðs og vinnslu- og dreifingarkostnaðar, nam um 3,5% þ. 1. janúar 2008.

Heildsöluverðlagning 1. apríl 2008

Við vinnu verðlagsnefndar, í mars 2008, komu þrjár meginþættir í verðlagsgrundvelli kúabús til áhrifa við ákvörðun lágmarksverðs mjólkur. Fyrst ber að nefna hækkun á aðföngum eins og áburði og kjarnfóðri. Stærsti liður í þeirri hækkun, sem var í farvatninu, var vegna leiðréttinga á fjármagnsliðum í verðlagsgrundvelli vegna fjárbindingar í fasteignum, vélum og tækjum. Breyting fjármagnsliða fólst í breyttri viðmiðun vaxtastigs í grundvelli, en viðmiðun fjárfestingastofns fasteigna, véla og tækja var óbreytt.

Niðurstaða verðlagsnefndar varð sú að lágmarksverð mjólkur skyldi hækka um 14,04 kr/ltr eða sem svarar 28,10% af lágmarksverði frá 1. janúar 2008. Vinnslu- og dreifingarkostnaður mjólkur, sem stendur undir rekstri afurðastöðva, sölu og dreifingu mjólkurvara, skyldi hækka um sem nemur 3,63% frá 1. janúar sama ár. Vegin hækkun, þessara tveggja þátta heildsöluverðs, nam um 14,64% - eða um 16 kr/ltr.

Heildsöluverðlagning 1. nóvember 2008

Í októbermánuði 2008 tók verðlagsnefnd ákvörðun um enn frekari hækkun heildsöluverðs mjólkurvara með gildistöku 1. nóvember. Við þá verðlagningu kom erfiður rekstur mjólkurvinnslunnar þyngra inn í störf verðlagsnefndar samanborið við fyrri ákvörðun, 1. apríl 2008.

Niðurstaða í störfum verðlagsnefndar var sú að lágmarksverð til framleiðenda hækkaði um 11,14% - eða sem nam 7,13 kr/ltr mjólk.

Samantekin breyting á árinu 2008

Ef þær hækkningar sem gengu yfir á árinu 2008 eru teknar saman má ætla að greiðslur afurðastöðva til mjólkurframleiðenda, m.v. skráð lágmarksverð, hafi hækkað um 2.500 – 2.600 Mkr. á ársgrunni á árinu 2008. Á sama hátt má ætla að vinnslu- og dreifingarkostnaður mjólkur, þ.e. sá hluti heildsöluverðs sem fer til reksturs mjólkuriðnaðarins, hafi hækkað um 1.200 – 1.300 Mkr á ársgrunni á árinu 2008.

Í eftirfarandi tveimur töflum er yfirlit yfir þær hækkningar sem áttu sér stað, skv. ákvörðun verðlagsnefndar á árinu 2008.

Tafla 1. Breyting á lágmarksverði mjólkur á árinu 2008

Dags	Lágmarksverð		Breyting	
	Fyrir	Eftir	Kr	%
1. janúar 2008	49,26	49,96	0,7	1,4%
1. apríl 2008	49,96	64	14,04	28,1%
1. nóvember 2008	64	71,13	7,13	11,1%
Breyting 2008	49,26	71,13	21,87	44,4%


Tafla 2. Breyting á vinnslu- og dreifingarkostnaði mjólkur á árinu 2008

Dags	V & D **		Breyting	
	Fyrir	Eftir	Kr	%
1. janúar 2008	57,9	60,7	2,9	5,0%
1. apríl 2008	60,7	63,0	2,21	3,6%
1. nóvember 2008	63,0	69,0	6,0	9,6%
Breyting 2008	57,9	69,0	11,1	19,3%


** Breyting á vinnslu- og dreifingarkostnaði í í % er skv. ákvörðun Verðlagsnefndar búvöru.

Breyting í kr/ltr er reiknuð út frá hækkan á heildsöluverltu að frádreginni greiðslu til bænda fyrir greiðslumarksmjólk á skráðu lágmarksverði á hverjum tíma.

Eftirfarandi myndir sýna þróun almenns verðlags í landinu, mælt með breytingu á vísitölu neysluverðs, og þróun vinnslu- og dreifingarkostnaðar mjólkur frá janúar 2006 til febrúar 2009.



Frá janúar 2006 t.o.m. febrúar 2009 hefur vísitala neysluverðs hækkað um 34,76%, á meðan vinnslu- og dreifingarkostnaður hefur hækkað um 31,48%.



Af seinni myndinni má sjá að, á tímabilinu desember 1990 – febrúar 2009, hefur almennt verðlag á Íslandi hækkað um 126,4% á sama tíma og kostnaður við vinnslu- og dreifingu hefur hækkað um 79,2%. Þetta undirstrikar að á þessu tímabili hefur mikil hagræðing átt sér stað í rekstri og skipulagi mjólkuriðnaðarins. Þær hagræðingaraðgerðir sem mjólkuriðnaðurinn hefur hrint í framkvæmd á undanförunum 2 áratugum, leiddu til þess að verðmismunur Íslenskra mjólkurvara og mjólkurvara í nágrannalöndum okkar fór stöðugt minnkandi. Þar til viðbótar kemur sú breyting sem hefur átt sér stað á gengi íslensku krónunnar, á síðustu mánuðum, sem hefur snúið hlutunum við á þann veg að íslenskar mjólkurvörur eru í mörgum tilvikum mun ódýrari en sambærilegar vörur í nágrannalöndum okkar.

Pálmi Vilhjálmsson

Magnús Ólafsson